

From: Linda Rós Alfreðsdóttir [<mailto:linda.ros.alfredsdottir@vel.is>]

Sent: 1. september 2015 15:34

To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>;

Subject: Móttaka flóttafólks og sveitarfélög

Sæl,

Málefni flóttafólks hafa verið áberandi síðustu daga og vikur og hefur fjöldi sveitarfélaga lýst yfir í fjölmiðlum sem og í samtölum við velferðarráðuneytið áhuga þeirra að kanna forsendur þess að taka á móti flóttafólki.

Móttaka flóttafólks er samstarfsverkefni ríkisins, viðkomandi sveitarfélags og Rauða kross Íslands. Flóttamannanefnd starfar samkvæmt viðmiðunarreglum flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hóp flóttafólks. Í 11. gr. viðmiðunarreglnanna er fjallað um samning velferðarráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags en þar segir:

Velferðarráðuneytið semur við tiltekið sveitarfélag eða sveitarfélög um móttöku á tilteknum fjölda flóttafólks í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

Við val á sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., skal taka mið af aðstæðum öllum, þar með talið félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, atvinnuástandi, menntunarmöguleikum, möguleikum á húsnæði og öðru sem eftir atvikum skiptir máli hverju sinni.

Samningar við sveitarfélög skulu taka til þjónustu og náms sem ætla má að flóttafólkið þarfnist og eru á hendi sveitarfélaga, svo sem útvegum húsnæðis, leikskóla, grunnskóla, félagsráðgjafar, fjárhagsaðstoðar og aðstoðar við atvinnuleit. Enn fremur skal flóttafólki tryggð heilbrigðisþjónusta, sbr. 22. og 23. gr., íslenskukennsla og samfélagsfræðsla, sbr. 17. og 19. gr.

Sveitarfélag, sbr. 1. mgr., gerir kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttafólks í samráði við velferðarráðuneytið og skal áætlunin vera hluti samnings þess við ráðuneytið.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins, <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/flottaflolk/>

Velferðarráðuneytið óskar eftir því að þau sveitarfélög sem hafa áhuga á að taka á móti flóttafólki hafi samband við starfsmann flóttamannanefndar Lindu Rós Alfreðsdóttur, linda.ros@vel.is, fyrir 10. september sem veitir frekari upplýsingar.

Kær kveðja,
Linda Rós

Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur / Special Advisor
Skrifstofa félagsþjónustu / Department of Social Services
Velferðarráðuneytið / Ministry of Welfare
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, IS-101 Reykjavík, Iceland
Sími / tel.: (+354) 545 8100, fax: (+354) 551 9165
linda.ros.alfredsdottir@vel.is / [velferdarraduneyti.is](http://www.velferdarraduneyti.is)